



2024-06-26

Domsalaraduneyti

Skrifleg fyrirspurn um mottoku flottafolks

Bryndis Haraldsdottir hefur beint eftirfarandi fyrirspurnum um mottoku flottafolks til rikisstjorna Norurlanda:

- *Vi hvaa lond hafa rikisstjornir Norurlanda gert samninga um endurkomu?*
- *Hve stor hluti samstarfsins milli rikisstjorna Norurlanda snyr a folki sem sekist eftir alþjolegri vernd?*
- *Er hugi fyrir frekara samstarfi milli rikisstjorna Norurlanda um t.a.m. þroun alþjolegrar aetlunar um vernd?*

Danmork hefur gert endurkomusamninga vi eftirfarandi lond:

Afganistan, Albaniu, Armeniu, Bosniu og Hersegovinu, Bulgariu, Eistland, Irak, Kosovo, Lettland, Lithaen, Moldaviu, Nigeriu, Norur-Makedoniu, Rumeniu, Russland, Serbiu, Sloveniu, Sri Lanka, Svartfjallaland, Sviss og Ukrainu.

Finnland hefur gert endurkomusamninga við eftirfarandi lönd:

Búlgaríu, Eistland, Kósovó, Lettland, Litháen, Rúmeníu og Sviss.

Auk þess hefur finnska innflytjendastofnunin (Migrationsverket) gert samstarfssamning við Sómalíland (ekki Sómalíu) um endurkomu að eigin vilja. Finnland hefur einnig gert samkomulag við Afganistan.

Ísland hefur gert endurkomusamninga við eftirfarandi lönd:

Albaníu, Eistland, Georgíu, Lettland, Litháen, Marokkó, Rússland og Úkraínu.

Noregur hefur gert endurkomusamninga við eftirfarandi lönd:

Afganistan, Albaníu, Armeníu, Aserbaídsjan, Bangladess, Bosníu, Búlgaríu, Búrúndí, Eistland, Eþíópíu, Georgíu, Hong Kong, Írak, Kasakstan, Kósóvó, Króatíu, Lettland, Moldóvu, Norður-Makedóníu, Pakistan, Rúmeníu, Rússland, Serbíu, Slóvakíu, Sómalíu, Svartfjallaland, Sviss, Tansaníu, Tyrkland, Úkraínu og Víetnam.

Svíþjóð hefur gert endurkomusamninga við eftirfarandi lönd:

Búlgaríu, Eistland, Frakkland, Írak, Kósovó, Króatíu, Kýpur, Lettland, Litháen, Pólland, Rúmeníu, Slóvakíu, Sviss, Víetnam og Þýskaland.

Hvað varðar samstarf norrænu landanna hafa þau í 30 ár starfað saman á sviði hælisleitenda- og innflytjendamála innan ramma norræna samráðshópsins um málefni flóttafólks (NSHF). HSHF fundar tvisvar sinum á ári; einu sinni á embættismannavettvangi og einu sinni á ráðherravettvangi. Markmiðið er að miðla reynslu og upplýsingum og ræða málefni fólksflutninga sem löndin eiga sameiginlega hagsmuni af. Vinnuhópar sérfræðinga geta verið stofnaðir innan NSHF. Sem stendur eru vinnuhóparnir tveir – einn um endurkomumál og annar um endurbúsetu.

Einnig eiga yfirvöld með sér samstarf með misformlegum hætti um ýmis mál sem koma upp hverju sinni.

Samstarfið á vegum NSHF gengur vel fyrir sig og ríkisstjórnir allra norrænu landanna kunna að meta það. Innan ramma NSHF eru öll tækifæri til að grípa til nýrra aðgerða í kjölfar tillagna frá einu eða fleiri löndum.

Maria Malmer Stenergard